

45. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni. Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

160

14. júlí

46. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykktinni, má lögregluvaldið láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður, er af þessu leiðir og þeim ráðstöfunum, sem lögregluvaldið gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir hreppssjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða hreppnum kostnaðinn að fullu.

47. gr.

Kostnaður, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, er eigi verður krafizt af öðrum, greiðir hreppssjóður hvers sveitarfélags sýslunnar innan takmarka þess.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

48. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir alla hreppa Gullbringusýslu.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 14. júlí 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

161

fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu.

14. júlí

F Y R S T I Þ Á T T U R

Ákvæði, er taka bæði til kaптúna og sveita.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppbot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús, og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því, sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, söluhúða, leikhúsa og annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar, sem almenningur

161 kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til 14. júlí að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarandur, eða þá, sem húa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að aðhafast, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturró manna og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða aðhafast neitt það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

5. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að ákveða, að á fjölförnum götum eða vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, megi ekki hafa leiki um hönd, gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir, sem geta hindrað umferðina.

Bannað er að hanga á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímu-dansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem mishýður velsæmi eða raskar almenntri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar.

7. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

8 gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins, er það gefur til þess að halda uppi góðri reglu á almannafæri.

Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

9. gr.

Enginn má án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns láta fyrirberast á umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

10. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem eiga ekki brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfninni, frá kl. 20—8 á tímabilinu 1. október til 1. maí, en frá kl. 22—8, á tímabilinu 1. maí til 1. október.

11. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, að opið viti upp. Gaddhrifur, ljái og aðra slíka hluti, sem hætta getur stafað af, má ekki flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búíð, að engin hætta geti stafað af.

EKKI MÁ SKJÓTA ÚR BYSSU, RIFLI EÐA SKAMMBYSSU, AF BOGA EÐA ÖÐRUM SKOTVOPNUM Á EÐA YFIR FJÖLFARNAR GÖTUR EÐA VEGI, NÉ HELDUR KVEIKJA Í PÚÐRI, OLIU, BENZÍNI EÐA ÖÐRUM ELDFIMUM EFNUM EÐA SPRENGIEFNUM OG EKKI KASTA FRÁ SÉR STEINUM, GLERBROTUM, SNJÓKÖGGUM, SLORI, VATNI EÐA ÖÐRU, ER TJÓNI GETUR VALDIÐ EÐA ÓÞÆGINDUM ÞEIM, ER UM FARA. ÞÓ GETUR LÖGREGLUSTJÓRI VEITT UNANÞÁGUR FRÁ ÁKVÆÐUM ÞESSUM UM SPRENGINGAR, EF SÉRSTAKLEGA STENDUR Á, SVO SEM UM ÁRAMÓT, OG SÉU LEYFIN HUNDIN VIÐ TILTEKIN SVÆÐI.

12. gr.

Á alfaraveg má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, ef þurfa þykir, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

13. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna, eða gerir bana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri, má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni, má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

14. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða vegi, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalda. Ef slíkt leyfi er veitt, skal hlutaðeigandi stjórnarvald setja þau skilyrði eða gera þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afsiýra hættu fyrir vegfarendum. Ef slíkt verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

15. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið, og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta það svo sem þörf gerist innan tiltekins tíma, til þess að afstýra hættu. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hætta getur af því stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur lögreglustjóri þá krafizt þess af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim, að hættulaust sé.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt burtu, án þess að annað sé byggt í staðinn, þá er eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hættu, óþrifnaður eða óþrýði af.

161

14. júlí

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust. Pallar, stoðir og annar útbúnaður við húsasmíði eða aðra mannvirkjagerð, skal vera nægilega traust.

Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirskipunum lögreglunnar hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

17. gr.

Hvarvetna þar, sem girðingarhlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo sé hátt undir, að öruggt sé að riðandi maður reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum og girðingar meðfram vegum skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

III. KAFLI

Umferð um vegi og götur.

18. gr.

Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir slökkviliði, svo fljótt sem unnt er. Sama gildir um sjúkrahvaga.

19. gr.

Það er bannað að aka eða ríða á móti skruðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

20. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum og götum, ef slík umferð álízt hættuleg eða er til sérstakra óþæginda fyrir umferð og svo á vorin á meðan klaka leysir úr jörðu.

21. gr.

Um ljósátíma bifreiða og reiðhjóla fer eftir ákvæðum gildandi bifreiðalaga. Heimilt skal lögreglustjóra að setja um hann nánari ákvæði, ef þurfa þykir.

22. gr.

Bifreiðastjórar bera ábyrgð á, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, eða raski næturró manna.

23. gr.

Ef gangandi eða riðandi menn eru á leið yfir brú, er bifreið ekur að, skal bifreiðin nema staðar á veginum við brúarendann og bíða þar til mennirnir eru komnir fram hjá eða yfir brúna, enda skulu þeir ekki tefja för sína að óþörfu.

24. gr.

Ef bifreiðastjóri verður þess var að laus hross, eða annar búpeningur er á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og aka varlega þar til hann er kominn fram hjá.

25. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal

bifreiðastjóri gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að vikja rekstrinum til hliðar á veginum svo fljótt sem unnt er og svigrúm leyfir. 161 14. júlí

26. gr.

Sé for eða bleyta á vegi eða götu, sem ekið er um, skal ökumaður haga svo akstrinum að eigi slettist á vegfarendur.

27. gr.

Skyllt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór.

28. gr.

Að öðru leyti fer um umferð eftir gildandi umferðalögum, vegalögum, lögum um bifreiðar og öðrum landslögum.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

29. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, eins og þau eru nú eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta, svo sem við verður komið, búpenings síns og alifugla, að ekki gangi til skemmda í varplönd, engjar, tún, akra eða matjurtagarða annarra manna. Valdi búpeningur slíku tjóni þann veg, að saknæmt þyki, skal bæta það samkvæmt ákvæðum þeim, er á hverjum tíma gilda um uslagjöld.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur úti um hagann, eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá nokkurs manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill taka þá að sér.

V. KAFLI

Um friðun og vernd á eignum.

30. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka né á annan hátt spilla húsum, mannvirkjum eða öðrum eignum, hvort heldur þær eru í eigu hins opinbera eða einstakra manna.

31. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, tünnum, engjum, matjurtagörðum eða skrudgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður, enda eigi þau að vera lokað.

32. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað umfram það, er lög leyfa, án leyfis landráðanda.

161

14. júlí

33. gr.

Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrisrifi eða á annan hátt. Öllum er skylt að ganga vel og þriflega um áningarstaði sína og tjaldstaði, eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvilíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

34. gr.

Bannað er að festa upp auglýsingar á hús eða aðrar eignir án leyfis eiganda eða umráðamanns.

Hreppsnefnd getur ákveðið hvar festa megi upp auglýsingar og skal hún þá útvega í því skyni spjöld eða kassa svo marga, sem þurfa þykir.

35. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

36. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

37. gr.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

38. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

39. gr.

Allir almennir veitingastaðir, borðknattstofur og aðrir samkomustaðir, skulu vera lokaðir frá klukkan 11½ að kvöldi til klukkan 6 að morgni og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Fyrr nefndum tímatakörkum getur lögreglustjóri breytt í einstökum tilfellum, þegar sérstaklega stendur á.

40. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandi láta gera salerni, vatnssalerni ef við verður komið, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

41. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slíkt leyfi, þó getur hann falið hreppstjórum að veita leyfin hverjum í sínum hreppi, og má taka fram um leið og leyfið er veitt, hvernær samkomunni skuli lokið.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræstingu og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst er samkoman byrjar.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur krafizt þess, að þeir sem fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn, er lögreglustjóri eða hreppstjóri tekur gilda, til eftirlits allan samkomutímann.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

42. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrymi snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður hvað mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri í umboði hans veitir leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

43. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft óheppileg áhrif á þau.

44. gr.

Knattborðstofur (Billiard) eða stofur, þar sem mönnum er seldur aðgangur til að kasta kúlum, teningum eða þess háttar, má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hreppsnefndar.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

45. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt að skolpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi helt þann veg að runnið geti að þeim.

46. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút, slori, mykju eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur. Bannað er að hengja fisk, þorskhausa eða fiskúrþang á girðingar eða hús meðfram vegum, svo og að láta fiskúrþang liggja á tún-um eða görðum nálægt alfaraleið um maðkatímann. Slor, sem borið er í garða, skal þegar grafið eða herfað niður í moldina.

161 Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo að engan ódaun leggi af þeim, og svo
14. júlí vel umgirtar, að engin hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur.

47. gr.

Bannað er að hella skolpi, sem fiskur eða annað hefur verið þvegið úr, á götu eða almannafæri, ekki má hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor, gor, mykju og annað því um líkt skal flytja í heldum ilátum ef farið er um alfaravegi, og skal sá, er á, eða sá, er flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

48. gr.

Skepnur má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsbaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

49. gr.

Bannað er að hafa hunda með sér að óþörfu á mannamót. Í sambandi við sláturhús skal hafa sérstaka klefa til að geyma hunda í og er öllum eigendum hunda skylt að geyma þá þar meðan þeir dvelja í kaupstaðnum í sláturtíð.

50. gr.

Heilbrigðisnefndir eða hreppsnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Í þeim hreppum, sem heilbrigðissamþykktir hafa verið settar, fer um þetta efni eftir þeim.

ANNAR ÞÁTTUR

Sérákvæði, er taka til Bolungarvíkur-, Hnifsdals- og Súðavíkurkaupþúna.

VIII. KAFLI

Umferðarákvæði.

51. gr.

Án leyfis lögreglunnar má enginn setjast að á götu eða almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu.

52. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo að komizt verði hjá slysum og þannig að umferð um götur sé ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 20 kílómetrar á klukkustund. Þar, sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér og annars staðar þar, sem hætta er við slysum, má ekki aka hraðar en svo að stöðva megi bifreiðina þegar í stað.

53. gr.

Stéttir meðfram götu skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Bannað er að riða um götur kaupþúnanna hraðar en á hægu brokki. Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kaupþúnsins, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

Hestar, sem staddir eru í kaupþúninu, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum.

54. gr.

161

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni, eða undir klyfjum, lengur en brún nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum, og komið þeim til varðveizlu á kostnað þess er flutningnum stýrir.

Hesta má aldrei binda úti við í kaupþúnunum, né láta þá standa úti í köldu veðri eða óhæfilega lengi að dómi lögreglunnar, þó að gott veður sé. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveizlu á kostnað umráðamanns eða eiganda.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kaupþúnunum, skulu tafarlaust koma hestum sínum í rétt, hús eða haga eftir tilvísun lögreglunnar nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á afgirtum lóðum einstakra manna.

IX. KAFLI

Um skepnuhald og fleira.

55. gr.

Hænsni eða aðra alifugla má ekki hafa á tímabilinu frá 1. maí til 1. október nema í afgirtu svæði eða tryggri vörzlu svo að þeir geti ekki gert öðrum óskunda.

56. gr.

Það er ábyrgð eiganda, að sauðfé, geitfé, hænsni eða aðrir gripir þeirra geri engan óskunda eða skaða í kaupþúnunum eða grennd þeirra. Lögreglan eða sá, er fyrir ágangi verður, má handsama slíka gripi en tilkynna skal það hreppstjóra eða lögreglustjóra. Sérstaklega ber að hafa strangt eftirlit með þessu frá 20. maí til 20. september. Á þeim tíma má búpeningur ekki ganga laus í kaupþúnunum nema maður fylgi til að gæta hans eða hann sé í öruggri vörzlu.

57. gr.

Ágangsfénað, sem handsamaður hefur verið, má selja á opinberu uppboði til ljúkningar áföllnum kostnaði og skaðabótum, ef eigandi leysir hann ekki út innan sólarhrings frá því honum barst tilkynning um handsömunina.

58. gr.

Verði almennur misbrestur á því að reglum þessum um vörzlu búfjár sé hlýtt að dómi hreppsnefndar, getur hún sett nánari reglur um vörzluna og gert þær ráðstafanir sem henni þykir þurfa til þess að varna ágangi. Skulu eigendur fjárins skyldir að hlíta þeim reglum og greiða þann kostnað, sem af ráðstöfununum leiðir samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar.

59. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagabeit í landi hreppanna, bæði hvernig hagabeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana.

Reglur um hagabeitargjöld skulu settar af hreppsnefndum.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR

Almenn ákvæði.

X. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

60. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu.

61. gr.

Hreppstjórar og lögreglustjórar skulu hver í sínum hreppi hafa gætur á, að fyrir-mælum samþykktar þessarar sé hlýtt og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því að brot sé framið, skal hann jafnframt kynna sér málavexti og senda lögreglustjóra skýrslu um málið.

XI. KAFLI

Um hegningarákvæði, kostnað og fleira.

62. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lög-reglumál

63. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, er hinn seki kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna auk sekta í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

64. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrir skipunum lögreglustjóra eða hreppstjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri gerir eða lætur gera til að hindra brot á samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

65. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari og ekki verður krafinn af einstök-um mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostnað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, 14. júlí og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 14. júlí 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

162

19. júlí

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum,
fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1943 til 31. júlí 1944.

1. Reykjavík:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	680.00
— — 7 — — —		570.00
— — 15 — — —		680.00
— — 16 — — —		340.00

2. Hafnarfjörður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	570.00
— — 7 — — —		465.00
— — 15 — — —		570.00
— — 16 — — —		285.00

3. Gullbringusýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	545.00
— — 7 — — —		440.00
— — 15 — — —		545.00
— — 16 — — —		275.00

4. Kjósarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	410.00
— — 7 — — —		335.00
— — 15 — — —		410.00
— — 16 — — —		205.00

5. Borgarfjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

6. Akraneskaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	570.00
— — 7 — — —		465.00
— — 15 — — —		570.00
— — 16 — — —		285.00

7. Mýrasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

8. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

9. Dalasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

10. Austur-Barðastrandarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

11. Vestur-Barðastrandarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00

12. Norður-Ísafjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	370.00
— — 7 — — —		300.00
— — 15 — — —		370.00
— — 16 — — —		185.00